



**Byggðaráð Blönduósþæjar - 70. fundur
haldinn í fundarsal að Hnjúkabyggð 33, 4. október 2016
og hófst kl. 16:00**

Fundinn sátu:

Guðmundur Haukur Jakobsson formaður, Zophonías Ari Lárusson varaformaður, Hörður Ríkharðsson aðalmaður og Arnar Þór Sævarsson sveitarstjóri.

Fundargerð ritaði: Arnar Þór Sævarsson, sveitarstjóri Blönduósþæjar

Dagskrá:

1. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið - Byggðakvóti 2016/2017 - 1609016

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið auglýsir eftir umsóknum um byggðakvóta fiskveiðiársins 2016/2017.

Sveitarstjóra falið að senda inn umsókn f.h. Blönduósþæjar.

2. EFS - Ársreikningur 2015 - 1609011

Undir þessu lið mætti Sigrún Hauksdóttir aðalabókari Blönduósþæjar og í síma Jens P. Jensen, fyrrverandi aðalabókari Blönduósþæjar.

Í bréfi Eftirlitsnefndar frá 2. september sl. var óskað eftir gerð útkomuspá vegna ársins 2016.

Lögð er fram fyrir fundinn útkomuspá 2016 sem og viðauki nr.2 við fjárhagsáætlun Blönduósþæjar 2016. Viðauki 2 byggir á samþykktum byggðarráðs og sveitarstjórnar tímabilið 12. janúar til 31. ágúst 2016.

Gerð er tillaga að leiðréttingum á áætlun launaliða og öðrum rekstrarliðum.

Hækkunum er mætt með áætlun um auknar útsvarstekjur og framlögum frá Jöfnunarsjóði.

Helstu tillögur að breytingum:

Launaáætlun hækka um 14,6 m.kr.

Annar rekstrakostnaður lækkar um 14,9 m.kr.

Aðrar tekjur lækka um 17,7 m.kr.

Framlög Jöfnunarsjóðs hækka um 11 m.kr.

Útsvar lækkar um 10 m.kr.

Byggðaráð samþykkir fyrir sitt leyti viðauka 2 við fjárhagsáætlun 2016 og vísar viðauka 2 til afgreiðslu á næsta fundi sveitarstjórnar Blönduósþæjar. Jafnframt samþykkir byggðaráð útkomuspá vegna rekstrarársins 2016. Hörður Ríkharðsson situr hjá við afgreiðslu þessa liðar.

Hörður Ríkharðsson leggur fram eftirfarandi bókun: "Viðauki þessi og útkomuspá byggir ekki á rekstri sveitarfélagsins í heild og gefur takmarkaða mynd af raunverulegri stöðu."



3. Ráðning aðalbókara - 1610002

Jens P. Jensen hefur látið af störfum af eigin frumkvæði. Byggðaráð þakkar Jens P. Jensen vel unnin störf í þágu sveitarfélagsins.

Sveitarstjóri kynnti tímabundna ráðningu á Sigrúnu Hauksdóttur.

Byggðaráð bíður Sigrúnu Hauksdóttur velkomna til starfa.

4. Framkvæmdir 2017 - 1610001

Ágúst Þór Bragason mætti undir þessu lið.

Umræður urðu um framkvæmdir næsta árs.

5. Önnur mál - 1506021

Engin önnur mál.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:00

Guðmundur Haukur Jakobsson

Zophonías Ari Lárusson

Hörður Ríkharðsson

Arnar Þór Sævarsson
